



## Þjóðarsáttmáli um læsi

Samningur ríkis og sveitarfélaga



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hörgársveit og mennta- og menningarmálaráðherra gera með sér eftirfarandi samning:

Með undirritun okkar staðfestum við sameiginlegan skilning á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Við munum vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018. Þegar meðaltal síðustu fimm ára í lesskilningshluta samræmdra prófa í 10. bekk í íslensku í Hörgársveit eru gerðar sambærilegar við niðurstöður PISA frá 2012 ná 74% nemenda þessu markmiði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í samræmi við stefnu sem kynnt er í Hvítbók um umbætur í menntun ákveðið að beina kröftum sínum að því að auka lestrarfærni og læsi ungs fólks á Íslandi. Sjóðir á vegum ráðuneytisins á leik- og grunnskólastigi verða með sérstaka áherslu á lestur og læsi meðan samningurinn er í gildi. Menntamálastofnun hefur verið falin framkvæmd eins og nánar er tilgreint í samningi þessum og gerður verður sérstakur samningur við Heimili og skóla, landssamtök foreldra.

### Menntamálastofnun:

- Veitir sveitarfélaginu stuðning og ráðgjöf við að ná markmiðum sínum.
- Lætur skólum í té viðeigandi skimunarpróf.
- Aðstoðar kennara í sveitarfélaginu við að greina niðurstöður mælinga og ákveða aðgerðir í kjölfarið.
- Rekur virka upplýsingagátt þar sem þekkingu um læsi, kennslu og þróunarstarf verður miðlað til skólasamfélagsins.
- Efnir til árlegrar námsstefnu um læsi.

### Hörgársveit:

- Setur sér markvissa læsisstefnu í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.
- Ákveður lágmarksviðmið um lestrarhraða, lesskilning, orðaforða og ritfærni í samræmi við aðalnámskrá.
- Mælir reglubundið leshraða, lesskilning, hljóðkerfisvitund og málþroska og nýtir niðurstöður þeirra og samræmdra könnunarprófa á markvissan hátt.
- Beitir snemmtækri íhlutun í leik- og grunnskólum og bregst jafnóðum við vísbendingum um lestrarvanda.
- Nýtir markvisst sérfræðipjónustu sína til ráðgjafar, greiningar og eftirfylgni.
- Veitir nemendum af erlendum uppruna sérstakan stuðning með það fyrir augum að þeir nái virku tvítyngi og sömu viðmiðum í læsi og aðrir nemendur.
- Leggur áherslu á samvinnu við foreldra og foreldrafélög til að ná markmiðum samningsins.

Mennta- og menningarmálaráðherra

31.8.2015

Dagsetning

Hörgársveit

Heimili og skóli, landssamtök foreldra